

# Stærðfræði 1. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

1

Skólaárið

Skólaárið 2024 - 2025

## Helstu námsþættir vetrarins

Helstu námsþættir í stærðfræði í 1. bekk eru: flokkun, talning, form, mynstur og myndir, tölurnar 1 - 20, mælingar, samlagning og frádráttur. Í upphafi hverrar viku er innlagnartími þar sem farið er yfir viðfangsefni og markmið vikunnar. Kennari og nemendur safna efni á námsvegg sem nemendur geta svo nýtt í vinnu sinni. Í framhaldi eru fjórir hringekjutímar þar sem unnið er með ólíka þætti viðfangsefnis hverju sinni. Lögð er áhersla á að nemendur ræði mismunandi lausnaleyðir og skýri lausnferli sitt fyrir öðrum ásamt því að vinna í bókum, nota hlutbundin gögn, fara í stærðfræðileiki og vinna ýmis raunverkefni.

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Haustönn

Ágúst - október; flokkun, talning og tölur frá 0 - 10

Október - desember; form og mynstur, tölur frá 0 - 10

Vorönn

Janúar - mars; mælingar, samlagning og frádráttur

Mars - júní; tölurnar 10 - 20, samlagning og frádráttur, form og myndir.

## Námsaðlögun

Námið er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum verkefnum á fjölbreyttan og hlutbundinn hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

## Námsmat

Í kennslustundum fer fram leiðsagnarmat/símat kennara. Jafnt og þétt yfir skólaárið er hæfni nemenda metin.

## Námsgögn

Sproti 1a, nemendabók og æfingahefti. Sproti 1b, nemendabók og æfingahefti. Húrrahefti. Stærðfræðispæjarar 1. Gagnvirkir vefir, forrit og efni frá kennara.

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025

- **Hæfnieinkunn (umsögn)**

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- notað hlutbundin gögn við lausn stærðfræðilegra viðfangsefna
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt líf

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- rætt um einfaldar upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök eru notuð

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Tölur og reikningur

- unnið með tölur upp í 20, raðað þeim og borið saman

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Algebra

- kannað, búið til og tjáð sig um einföld mynstur

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Rúmfræði og mælingar

- notað og beitt aldursamsvarandi hugtökum rúmfræðinnar

### AS Stærðfræði 1. bekkur 2019 -2025 - Tölfræði og líkindi

- flokkað gögn í viðeigandi flokka og borið saman fjölda í tveimur söfnum